

# *Fornleifarannsókn við Þingvallakirkju*



Orri Vésteinsson

með viðaukum eftir Magnús Á. Sigurgeirsson, Natöschu Mehler og Timothy Horsley

**Fornleifastofnun Íslands**

**FS104-98122**

**Reykjavík 1999**

© Fornleifastofnun Íslands 1999

Mynd á forsíðu: norskur silfurpeningur fundinn á Þingvöllum, © Þjóðminjasafn Íslands

## *Efnisyfirlit*

1. Inngangur	4
2. Heimildir um Þingvallakirkju	6
3. Uppgröftur norðan við Þingvallakirkju 1999	12
4. Gripir	18
5. Niðurstöður – samantekt	20

### Viðaukar:

Magnús Á Sigurgeirsson: Greinargerð um gjóskulög	24
Natascha Mehler: Preliminary Report on the Pottery found at Þingvellir	27
Timothy Horsley	29

### Töflur og skrár:

Einingaskrá	45
Harris matrix af einingum í KN	46
Gripaskrá	47
Teikningar	49
Ljósmyndir	50
Heimildir	52

## 1. Inngangur

Þingvallakirkja sú sem nú stendur er uppi á hraunhól norðan við Þingvallabæ en kirkjugarðurinn er hinsvegar vestan við bæinn. Kirkjan er byggð 1859 en forverar hennar eru taldir hafa staðið á sama stað að minnsta kosti frá því á fyrri hluta 16. aldar. Getum hefur verið leitt að því að upphaflega hafi kirkjan staðið í kirkjugarðinum og Matthías Þórðarson setti fram þá kenningu að á 11. öld hefðu kirkjurnar verið tvær.<sup>1</sup> Önnur hefði verið búandakirkja, einkakirkja Þingvallabóndans, og hefði hún staðið í kirkjugarðinum en hin hefði verið þingmannakirkja sú sem Noregskonungarnir Ólafur Haraldsson og Haraldur harðráði gáfu viði og klukkur til. Matthías stakk upp á því að sú kirkja hefði staðið uppi á hólnum þar sem núverandi kirkja er og að það væri hún sem Hungurvaka segir frá að hafi fokið í óveðri 1118. Ekki sjást nein merki um kirkjustæði í kirkjugarðinum en norðan og austan við kirkjuna uppi á hólnum hefur verið bent á ójöfnur og getum að því leitt að þær væru leifar af eldri kirkjum eða kirkjugarðsvegg.

Árið 1998 hóf Þingvallanefnd undirbúning að fornleifarannsóknum á Þingvöllum og var þá gerð greinargerð um stöðu rannsókna og lagðar fram tillögur um framgang rannsókna.<sup>2</sup> Í framhaldi ákvað nefndin að láta gera takmarkaða fornleifarannsókn við Þingvallakirkju sem fyrsta skref í átt að umfangsmeiri athugunum. Fornleifastofnun Íslands var falið verkið og var því stjórnað af Orra Vésteinssyni. Markmið rannsóknarinnar voru þessi:

- að leita vísbendinga um forvera núverandi kirkju, hvort þær hafa staðið á nákvæmlega sama stað og hvaða gerðar þær voru.
- að skera úr um hvort kirkja var flutt fyrst á þennan stað á fyrri hluta 16. aldar.
- að athuga hvort ummerki fyndust um að kirkja eða kirkjur hefðu staðið á þessum stað áður, t.d. á 11. öld.
- að kanna ástand jarðvegs, varðveisluskilyrði og útbreiðslu gjóskulaga með tilliti til frekari rannsókna.


Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar, gerð grein fyrir þeim grúpum sem fundust, fjallað um ritheimildir um Þingvallakirkju og settar fram tillögur um frekari rannsóknir.

---

<sup>1</sup> Matthías Þórðarson 1945, 263-67.

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998.

# Þingvellir



Kort 1. Rannsóknarsvæðið 1999. Byggt á teikningu Guðmundar Ólafssonar af Þingvallaminjum.

Rannsóknin var gerð dagana 21.-25. júní og gengið frá uppgraftarsvæði 28. júní. Uppgrefti var stjórnað af Orra Vésteinssyni, en auk hans unnu við gröftinn prófessor Przemek Urbanczyk við háskólann í Varsjá, Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur, Gróa Másdóttir fornleifafræðingur og Jannie Ebsen forvörslunemi. Auk þeirra var Timothy Horsley fornleifafræðingur með í ferð og vann að segul- og viðnámsmælingum í kringum uppgrafarstaðinn. Hildur Gestsdóttir og Helga Soffía Einarsdóttir aðstoðuðu við frágang uppgraftarsvæðis. Jannie Ebsen sá um forvörslu og frágang gripa en Sólveig Heiðberg fornleifafræðingur skráði og gekk frá frumgögnum. Anton Holt, myntsafni Seðlabankans, greindi norskan silfurpening og Halldóra Árnadóttir, Þjóðminjasafni, sá um forvörslu hans. Natascha Mehler fornleifafræðingur greindi leirker sem fundust við rannsóknina. Eru þeim færðar bestu þakkir. Auk þeirra eru þakkir færðar Sigurði Oddssyni framkvæmdastjóra Þingvallanefndar og Guðrúnu Kristinsdóttur og öðrum landvörðum Þingvallabjóðgarðs fyrir margvíslega aðstoð á meðan á uppgrefti stóð.

## 2. Heimildir um Þingvallakirkju

Samkvæmt Íslendingabók var kristni lögtekin á Alþingi árið 999 eða 1000.<sup>3</sup> Elsta heimild um kirkju á Þingvöllum er Hungurvaka sem rituð var á fyrsta áratug 13. aldar. Þar kemur fram að árið 1118 hafi kirkja sú fokið á Þingvöllum er Haraldur harðráði (1047-1066) hafi fengið viðinn til.<sup>4</sup> Höfundur Hungurvöku hefur a.m.k. verið miðaldra maður er hann reit þessa sögu Skálholtsbiskupa og gæti því hafa hitt menn sem mundu kirkjubrotið 1118. Hungurvaka verður því að teljast áreiðanleg heimild um það atriði og vel má vera að einhver fótur hafi verið fyrir því að Haraldur konungur hafi sent kirkjuviðinn til Íslands. Í Hungurvöku er það orðað svo að Haraldur hafi “fengið viðinn til” og má vera að að baki liggja sögn svipuð þeirri um kirkju þá sem Þorkell Eyjólfsson ætlaði að reisa á Helgafelli en Ólafur konungur helgi á að hafa gefið honum viðinn til hennar.<sup>5</sup> Að minnsta kosti er ekki augljóst að túlka Hungurvöku sem svo að Þingvallakirkja hafi verið reist á vegum konungs, þó að um margt sé freistandi að líta á hana sem heimild um áhuga Noregskonunga á 11. öld á að efla áhrif sín á Íslandi.

<sup>3</sup> ÍF I, 14-17.

<sup>4</sup> *Biskupasögur* I, 71. Sama sögn er endurtekin í *Kristni sögu*, sama heimild, s. 30.

<sup>5</sup> ÍF V, 216.

Í yngri heimildum en Hungurvöku fær Þingvallakirkja nokkuð lengri försögu. Í Ólafs sögu helga eftir Styrmi ábóta frá um 1220 er sagt um dýrlinginn að hann hafi látið “kirkiu gera a Íslandi a Þinguelli þar sem nu er honum helgud kirkia.”<sup>6</sup> Snorri Sturluson skrifaði aðra Ólafs sögu, byggða á sögu Styrmis og þrjónaði aðeins við söguna um Þingvallakirkju: “Óláfr konungr hafði sent til Íslands kirkjuvið, ok var sú kirkja gor á Þingvelli, þar er alþingi er. Hann sendi með klukku mikla, þá er enn er þar.”<sup>7</sup> Hér mætti geta þess til að þegar Þingvallakirkja var vígð Ólafi konungi, sem varla hefur gerst fyrr en á seinni hluta 12. aldar, hafi verið búin til helgisögn þess efnis að dýrlingurinn hafi sjálfur gefið kirkjuvið og klukku til fyrstu kirkjunnar þar, og hefur ekki þurft að búa hana til úr engu, aðeins hnika til um einn konung. Uppruni klukku þeirrar sem í Þingvallakirkju var hélt þó áfram að vefjast fyrir sagnariturum og seinna í Heimskringlu, í sögu Haralds harðráða, segir Snorri sjálfur: “Haraldr konungr sendi klukku þangat [til Íslands] til kirkju þeirrar, er enn helgi Óláfr konungr hafði sendan viðinn til ok sett er á Þingvelli.”<sup>8</sup> Hér er helst að halda að misvísandi sögur hafi verið á kreiki, ekki aðeins um hvor konunganna sendi viðinn heldur einnig um klukku þá sem verið hefur í kirkjunni á árunum 1220-30 þegar allar þessar sögur eru ritaðar. Besta tilraun til heildarsamræmis er síðan að finna í sögu Magnúsar góða og Haraldar harðráða í Flateyjarbók og Morkinskinnu, einnig frá um 1220: “Haralldr konungr sende vt til Íslands klucku til kirkiu þeirrar er hinn heilage Olafur konungr sende uidin til og adra kluckuna. og su kirkia var sett aa þinguelle þar sem alþinge er sett.”<sup>9</sup> Hér fá báðir konungarnir nokkuð hlutverk, Ólafur helgi kirkjuviðinn og klukku en Haraldur harðráði aðra klukku, og má sjá á þessu að í Þingvallakirkju hafa verið tvær klukkur á 13. öld, hvorug nýtilkomin.

Þó Þingvallakirkju og kirkjugarðs sé getið á nokkrum stöðum í Íslendingasögum, verður lítið af þeim frásögnum ráðið um gerð kirkjunnar eða staðsetningu. Ljóst er að þingmenn hafa að jafnaði gengið til aftansöngs í Þingvallakirkju,<sup>10</sup> að stétt hefur verið sunnan við kirkjuna og að þar hafa menn gjarna staðið á mannfundum.<sup>11</sup> Í Grágás og Njáls sögu er kirkjugarðurinn á

---

<sup>6</sup> Flateyjarbók III, 247.

<sup>7</sup> ÍF XXVII, 214. sbr. Ólafs saga konungs hin mesta - *Den store saga om Olav den Hellige*, 325.

<sup>8</sup> ÍF XXVIII, 119. Sbr. Nóregs konunga tal, Fagrskinna, ÍF XXIX, 261. Sneglu Halla þáttur, *Flateyjarbók* III, 415.

<sup>9</sup> *Flateyjarbók* III, 344. Sbr. *Morkinskinna*, 170.

<sup>10</sup> ÍF VII, 344-45; ÍF X, 38-42.

<sup>11</sup> ÍF X, 38, 41.

Þingvöllum kallaður ‘búandakirkjugarður’.<sup>12</sup> Matthías Þórðarson reyndi að leggja merkingu í þessi brot og lagði til að á 11. öld hefðu verið tvær kirkjur á Þingvöllum, ein “búandakirkja” og önnur “þingmannakirkja” (nýyrði Matthíasar). Matthíasi fannst ófært að þingmenn hefðu þurft að troðast inni kirkju Þingvallabónða, sem hann sá fyrir sér sem litla einkakapellu sem hefði verið reist skömmu eftir kristnitöku og þessvegna hefði verið mikil þörf á nýrri kirkju sem Ólafur helgi hefði gefið þjóðinni og hefði hún þjónað þingheimi til 1118 er hana braut í ofsaveðri. Síðan þá hefði aðeins verið búandakirkja á Þingvöllum. Matthías taldi sig meira að segja geta stungið upp á hvar “þingmannakirkjan” hefði verið: á hólnum þar sem núverandi kirkja er. Sú tilgáta byggði mest á því að stétt sú sem talað er um sunnan undir kirkjunni í Ljósvefninga sögu fannst honum ómögulega geta verið í kirkjugarðinum þar sem “búandakirkjan” hefur jafnan verið og fannst honum það eiga betur við uppi á hólnum. Að öllu leyti er þessi hugarsmíð Matthíasar byggð á litlum rökum. Það er til dæmis einmitt líklegt að hellustétt hafi verið meðfram kirkjunni í kirkjugarðinum en þar er deiglent og því þörf á grjótlögn til að koma í veg fyrir að svað myndaðist við mikla umferð. Hugtakið “búandakirkjugarður” má skýra með því að kirkjugarðurinn á Þingvöllum hafi á 11.-12. öld verið einkakirkjugarður, að þar hafi aðeins heimilismenn Þingvallabónða átt rétt á legi, en fyrir aðkomumenn sem dóu um þingtímann hafi þurft að finna leg annarsstaðar. Slíkar takmarkanir voru algengar á 12. og jafnvel 13. öld eins og fjölmargir máldagar sýna, og hurfu ekki fyrir en sóknaskipulagið var orðið fast í sessi í lok 13. aldar.<sup>13</sup> Eina heimildin sem Matthías hafði að styðjast við var sögn sú er Páll Vídalín skráði í lok 17. aldar að kirkjan hafi í fornöld staðið á hraunhólum norðan við bæinn þar sem Þingvallakirkja er nú. Hvaða fótur sem er fyrir þeirri sögu þá þýðir hún ekki að kirkjurnar hafi nokkur tíma verið tvær.

Einfaldast er að gera ráð fyrir að ein kirkja hafi verið reist á Þingvöllum á 11. öld og telja má allgóða vissu fyrir því að sú fyrsta kirkja eða arftaki hennar hafi fokið í óveðri 1118. Sennilegt er að einhver fótur sé fyrir sögnum um gjafir annaðhvort Ólafs helga eða Haralds harðráða til Þingvallakirkju en ólíklegt er að úr því fáiist skorið í hverju sú gjöf fólst.

Um staðsetningu þessarar fyrstu kirkju er heldur ekkert vitað en mestar líkur eru á að kirkja sú er Alexíus Pálsson vígðist til í byrjun 16. aldar hafi staðið mjög

---

<sup>12</sup> Njáls saga, 123. kap. *Grágás* 1a, 21.



lengi á sama stað, hugsanlega allt frá byrjun 11. aldar. Sú kirkja mun hafa staðið í kirkjugarði þeim sem enn er á árbakkanum vestan við bæinn. Ekki er vitað hvar í honum nákvæmlega, né hvort garðurinn hefur færst eitthvað til á umliðnum öldum, sem alls ekki er ólíklegt. Elstu kirkjuleifanna gæti því verið að leita í miðjum kirkjugarðinum sem nú er, og er þá tæplega mikið eftir af þeim, því grafir hafa verið teknar þar um aldabil og var garðurinn talinn útgrafinn um síðustu aldamót. Hafi kirkjugarðurinn verið færður til, t.d. fjær árbakkanum þá gæti kirkjuleifanna verið að leita vestan við núverandi kirkjugarðsvegg.

Páll Vídalín segir frá því í skýringum yfir fornyrði Jónsbókar að Alexíus Pálsson hafi, sennilega í kringum 1520, fært kirkjuna úr kirkjugarðinum og upp á hólinn þar sem hún hefur staðið síðan, norðan við bæinn, vegna vatnsuppgangs í kirkjugarðinum. Páll bætir því við að kirkjan hafi í fornöld staðið á hólnum þangað sem kirkjan var færð á 16. öld.<sup>14</sup>

Máldagar og vísitásiur Þingvallakirkju gefa engar vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar en elsta lýsing hennar er í máldaga Brynjólfs biskups frá 1644. Þá hefur kirkjan verið nýlega uppbyggð og er henni lýst svo:

kyrkian i sialffre sier væn og algilld. Mattar vider / aff eik. v. staffgölff. bunden jnnan Med eikarbóndum / og sud Med vænum grenebordum. þiliadur koren / heffur þetta Allt S. Eingelbrigt tillagt og byggia läted / gamaltt Alltare og Predikunar Stoll. Standþil fyr / er kyrckiu. kuenn sæte i kyrckiu er smijda heffur lat / ed S. Eingelbrigt hurd aa järnum lagde annad / til S. Eingelbrigt jnnlæst vænne læsingu Med hespu.<sup>15</sup>

Séra Engilbrigt Nikulásson var prestur á Þingvöllum 1617-1668 og hefur sennilega reist þessa nýju kirkju um 1640. Næst er til afhending Þingvallastaðar frá 1678 og er þessari sömu kirkju þá lýst svo:

kyrkian so standande med 5 stafg- / olfum, alþiliud fyrer framann og bakþil j kornum sumu / lósnu yfer sialfu alltarenu. Alltare Predikunarstoll / halfþil mille kors og kyrckiu, dyraummbuningur fyrer / framan þilid med snickverke ad ofanverdu, kuenn / sæte j kyrkiune fast, Sud A allre kyrkiune med sex / sperrumm, hurd A järnum med litlum koparhrýng og / godre skrä, husid sterkt og stædelegt ad vidum og veggjum / utan huad vidvijkur funumm wnderstock sunnannframm. / Grindin sialf ad nedanverdu vtlendsk af eik.<sup>16</sup>

Næst var kirkja og staður afhent 1703 og er kirkjan þá talin vera í hálfu sjötta stafgólfi

---

<sup>13</sup> Sbr. Orri Vésteinsson 1996, 1998.

<sup>14</sup> Páll Vídalín 1854, 17.

<sup>15</sup> Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar, 75-76.

alpiliud utar / i gegn, með standþile og biorþile bak og býrer kýrkiu; / becker födrader bæde i kör og framkýrkiu; kvenn- / sæte, alltarj velsæmelegt með gradu j predikunarstóll /mäladur halþpil ä mille kors og kýrkiu með pilar- / um ofanslär; hurd ä Jarnum með skra likle og / vænum koparhring með fæti [!] sem gefed hefur lög- / madurinn Monsr Sigurdur Biorsson Vindskeid er býr- / er framan kirkiuna: Hüsed vel stædelegt bædj ad vegg- / ium og vidum, býrer utan eina fiól i südinni ad / sunnan verdu i fremsta stafgolfe, hvad erfingjar / Sal Sr Arna lofa ad endurbæta ädur en kyrkian / afhendt er; glerglugge yfer predikunarstöl, annar / litilfiorlegur yfer alltarj og litel brik sem gefed hef / ur Sal M. Þordur.<sup>17</sup>

Svo virðist sem eitthvað hafi kirkjunni verið breytt og hún þrýdd, m.a. með glerrúðum en þó virðist þetta vera í grundvallaratriðum sama húsið og lýst er 1644 og 1678. 1726 er kirkjan enn með sama móti en er þá talin “ad widum æred gomul, fuen og hláleg, býrer utan weggena, sem eru af griote nylega reparerader”<sup>18</sup> Þetta er í fyrsta skipti sem getið er um grjóttveggi um Þingvallakirkju en ekki er þó annað að sjá en að kirkja sú sem sr. Engilbrikt reisti um 1640 hafi verið með hlífðarveggjum úr torfi og grjóti að norðan og sunnan.

Sr. Markús Snæbjörnsson reisti nýja kirkju á Þingvöllum um 1740. Hann tók við staðnum 1739 en í vísitasíu frá 1746 er kirkjan sögð “i 6 stafgolfum under Süd, alpiliud um hverfis i Chör og framkirkiu til beggia hlida. ... Þetta Guds hus, ad veggium og vidum athugad er ad óllu leite vænt og vel á sig komed nilega uppbyggt og endurbætt af hingad til verande Bene ficiario Sra Marcuse Snæbiornssyne.”<sup>19</sup> Þessu til staðfestingar má nefna að Jón Ólafsson frá Grunnavík skýrir frá því að Markús hafi fundið í veggjarundirstöðum kirkjunnar, þá er hann byggði hana upp, annan þeirra steina með alinmáli sem voru í kirkjukömpunum og komið honum þannig fyrir í öðrum kirkjuveggnum að hann sæist,<sup>20</sup> og má af því ráða að hann hafi byggt kirkjuna algerlega frá grunni. Þó fjöldi stafgólfa sé ekki áreiðanleg vísbending um stærð húsa þá má vera að þetta hús hafi verið ívið stærra en kirkja séra Engilbrikts frá um 1640.

Nákvæmari lýsing á kirkju sr. Markúsar er til frá 1750:

kyrkian j siälfre sier, er j 6 stafgolfum, öll under Sud, alpiliud til beggia hlida, Slagþil uppj giegn bæde býrer framann og ad körbake listad, með födrudum vindskeidum yfir. Upp af alltarinu er glerglugge með 9 rudum, annar

<sup>16</sup> Vísitasíubók Þórðar Þorlákssonar, 115r-115v.

<sup>17</sup> Vísitasíubók Jóns Vídalíns, 128r-129r.

<sup>18</sup> Vísitasíubók Jóns Árnasonar, 564-66.

<sup>19</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840, 1-3.

<sup>20</sup> sbr. KK I, 145.

aframmstafni með 6, becker hálffódrader j kórnum með brikum að framann, kórdir eru með stöfum, under stock og pilárum upp yfer, þil [?] under þverslæ að nordan ... j framkyrkiune er langbeckur sunnanverdu, hurd ä járnum með Skrä og vænum likle ... kyrkiann er vel standandi að veggjum og vidum.<sup>21</sup>

Ekki er getið um breytingar á þessari kirkju fyrr en um 1770 en 1772 hafði norðurveggur hennar verið hlaðinn upp en um það hafði verið kvartað þegar 1755 að hann væri lélegur og hefur eftir þessu að dæma ekki verið mikið vandað til verks við byggingu þessarar kirkju. 1776 er þess getið að langþiljur séu farnar að gisna og eina vanti og 1779 segir prófastur að kirkjan sé farin að ganga á torfveggina og þurfi viðréttingu og 1783 er svo komið að prófastur telur í vísitasíu að kirkjan þurfi við fyrstu hentugleika að reparerast. Það varð þó ekki fyrr en sumarið 1790 að sr. Páll Þorláksson lét byggja nýja kirkju á Þingvöllum.

Sú kirkja virðist hafa verið jafnstór forvera sínum, 6 stafgólf, og mjög lík að öllu leyti enda voru víðir gömlu kirkjunnar endurnýttir að verulegum hluta í hinu nýja húsi. Samkvæmt mælingu frá 1845 var þetta hús 12x5 álnir að stærð eða 7,5x3,1 m, jafnlöng en heldur mjórri en kirkja sú er reist var 1859 og enn stendur.

Í vísitasíum frá 19. öld er öðru hverju getið um galla og viðgerðir á kirkjunni. 1803 er þilja þegar fallin úr framkirkjunni að sunnan og önnur farin að gallast af fúa en 1808 hafði verið gert við þær. 1818 er farið að votta fyrir vatnsgangi á þilsperrur kórsins að innan og 1822 er kominn torfgafl á kirkjuna að austan, en fram að því hafði verið timburþil fyrir kórnum. 1828 kemur fram að kórinn taki upp tvö af sex stafgólfum kirkjunnar en 1836 er “kirkiuhusid ... nu somasamlega uppbyggt af nyu aukid að þilium, gólfe og Málverke.” Næstu ár á eftir er kirkjan talin vel á sig komin en 1844 er “kyrkiueggurinn nyrdri ... faren að klofna sudurveggurinn er heldur ecki fri að bungu ut um midiuna.” 1852 hefur gólfid í kórnum verið endurbætt en veggirnir eru enn bilaðir og þakið einnig farið að verða hrörlegt. Næstu ár á eftir virðist hægt og sígandi síga á ógæfuhliðina og aukast og ágjörast gallarnir ár frá ári allt til 1859 að sr. Símon Beck lætur smíða kirkju þá sem enn stendur á Þingvallastað.<sup>22</sup>

<sup>21</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840, 16-18.

<sup>22</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840; Kirkjubók Þingvallakirkju 1829-1959.



Mynd 1. Við lok uppgrftar við Þingvallakirkju 1999. Til vinstri er Timothy Horsley við viðnámsmælingar en í skurðinum eru Przemek Urbanczyk (t.v.) og Magnús Á. Sigurgeirsson (t.h.)


### *3. Uppgröftur norðan við Þingvallakirkju 1999*

Kirkja sú sem nú stendur á hólnum norðan við Þingvallabæ er á grunni hlöðnum úr hraungrýti, 7,80 m löng frá austri til vesturs og 5 m breið frá norðri til suðurs. Norðan við hana er slétt flöt og norðan við hana, um 12 m frá kirkjunni er hraunhóll sem að mestu er gróinn. Austan við kirkjuna er einnig slétt flöt út að þjóðargrafreit sem hlaðinn hefur verið upp efst í Þingvallatúni. Á þessari flöt er aflöng þúfnaröð frá austri til vesturs norðan við kirkjuna sem síðan beygir til suðurs austan við hana. Hleðslugrjót kom í ljós er grafið var fyrir ljóskastara í þúfnaröðina norðan við kirkjuna fyrir nokkrum árum.

Þar sem markmið rannsóknarinnar var að kanna bæði kirkjustæðið sjálft og aðrar mögulegar byggingar í grenndinni var uppgraftarsvæðinu valinn staður norðan

við kirkjuna og var skurðurinn hafður 10 m langur út frá kirkjunni og 2 m breiður. Vesturhlið hans var 4,77 m frá norðvesturhorni kirkjunnar og austurhliðin tæpan metra frá norðausturhorni hennar. Uppgraftarsvæðið er í gögnum um rannsóknina kallað KN til aðgreiningar frá öðrum rannsóknarsvæðum á Þingvöllum. Staðbundið hnitakerfi var sett upp og miðað út frá kirkjunni. Vesturhlið skurðarins var x 510 og austurhlið x 512 en norðurhlið kirkjunnar var y 500 og norðurendi skurðarins y 510. Áður en uppgröftur hófst var uppgraftarsvæðið segulmælt. Hæðir voru miðaðar við norðvesturhorn á hellu framan við kirkjudyrr, og var hæð hennar ákveðin 107,80 m yfir sjávarmáli.

Undir grasrótinni (C1) var komið niður á hreyft moldarlag með talsverðu af torfleifum og lítilsháttar smiti af viðarkoli (C2). Næst kirkjunni voru þrjár raðir af lausu hraungrýti (C3) svo að segja í grasrótinni en efni líkt C2 var samanvið það. Ein röðin var þétt upp við kirkjuna, önnur um 1 m norðan við hana og voru það mest fremur litlir steinar sem lögðust upp að allmiklu bjargi, um 1,2 m löngu og a.m.k. 40 sm breiðu sem var í vesturbrún skurðarins. Þriðja steinaröðin var svo um tvo metra frá kirkjuhliðinni. Steinarnir gætu allir verið úr hleðslum og tengjast örugglega viðgerðum á kirkjugrunninum en jafnvel þó þeir væru í röðum voru þær of óreglulegar til að geta verið eldri undirstöður. Steinarnir sem næst voru kirkjuveggnum voru yfir niðurgrefti (C12) sem náði niður með undirstöðum núverandi kirkju og er sá gröftur greinilega frá 20. öld því í fyllingunni C11 voru ýmsir gripir sem greinilega eru nýlegir. Undir neðsta steininn í undirstöðunum hefur verið stungið planku sem var í góðu ástandi og bendir það til að undirstöður kirkjunnar hafi verið endurhlaðnar, alveg niður á klöppina sem undir er, einhverntíma á 20. öld. Ekki verður þó fullyrt að þetta eigi við um undirstöðurnar í heild sinni, heldur aðeins þennan stað við norðausturhorn kirkjunnar. Undir steinahrúgunum C3 var miklu skipulegri hleðsla, C7. Þessi hleðsla er á 40-60 sm dýpi og nær 2,2 m norður fyrir núverandi kirkjugrunn, en hefur verið raskað til að koma honum fyrir. Í norðurkanti hleðslunnar eru stórir reglulegir hraunsteinar með slétta hlið til norðurs, en sunnan við kantinn eru steinarnir minni, en snúa sléttum hliðum upp að mestu. Svo virðist sem að einhverju leyti hafi verið rótað við þessum steinum, sennilega þegar yngri grjóttveggir voru rifnir. Ofan á þessum steinum var þunnt lag af litlum steinvölum og grófum jarðvegi sem sennilega er kominn úr árfarvegi. Hleðslan er svotil beint ofan á klöpp, aðeins 1-3 sm af torfblandaðri mold (C10) voru undir steinum sumstaðar. Þessi hleðsla er svo regluleg og slétt að ofan að hún hlýtur að





Mynd 2. Grjótundirstaðan C7 úr norðri.

vera leifar af undirstöðu undir timburkirkju frekar en grunnur undan torfvegg. Til þess bendir einnig að talsvert af gripum fannst á milli steinanna, sem auðskýrt er ef þeir hafa verið undir timburgólfi en væri sérkennilegra ef þeir hefðu verið neðst í vegg. Torfsneplar voru samanvið grjóthrúgurnar í C3, ofan á C7 og einnig í geira meira en 1 m út frá veggnum (C19), eins og torfhleðsla hafi sigið út. Þetta var þó aðeins torfblönduð mold, og virðist frekar geta verið strengur sem lagður hefur verið á milli raða í grjótvegg fremur en heill torfveggur.

Grafið hefur verið niður fyrir grjótundirstöðunni C7 skömmu eftir að gjóskulag úr Kötlugosi frá um 1500 féll en síðar hefur verið reistur veggur með torfi í sem hefur náð að hrynja áður en gjóska úr Kötlugosi frá 1721 féll á Þingvöllum.

Næst norðan við norðurkantinn á C7 voru engar mannvirkjaleifar en hinsvegar hreyfður jarðvegur alveg niður á klöpp á 70-80 sm dýpi. Efst undir grasrótinni var C2 sem áður var minnst á, dökkbrún lítið hreyfð gróðurmold. Neðst í því lagi var






Mynd 3. Leifar grjótveggjar C9. Niðurgrofturinn C8 sést til hægri. Tekið úr austri.

Kötlugjóskan frá 1721. Rétt þar undir var meira hreyft og grófara lag, **C5**, gráleitara með gul- og rauðleitum torfskellum og meira af viðarkoli. Kötlugjóskan frá um 1500 var ofarlega í þessu lagi sem er sýnilega eldra en grjótundirstaðan **C7**. Undir þessu lagi var annað hreyft lag, **C10**. Það var brúnt eins og **C2** en ljósara og með meira af torfsneplum en lítið af öðrum aðskotaefnum, aðeins var vottur af viðarkoli og rotnuðum dýrabeinum. Í þessu lagi miðju sást miðaldalagið frá 1226 á einum stað. Undir því, um 4 m frá kirkjuvegg fannst silfurpeningur frá 11. öld (ÞVR99-050).

**C10** var beint ofaná hraunklöpp (**C20**) allsstaðar í skurðinum og var óhreyfða mold hvergi að finna nema í skorningum í klöppinni. Þar var hún mjög fín og ljósrauðleit.

Um 5 m frá kirkjuvegg kom í ljós steinadreif (**C4**) sem náði norðureftir skurðinum og var efst í allmiklum niðurgrefti sem lá þvert yfir skurðinn á milli 6,5 og 8,5 m frá kirkjuvegg. Í botninum á þessum niðurgrefti (**C8**) var tvöföld grjóthleðsla, **C9**, sem greinilega er leifar af allstæðilegum vegg þó hann hafi orðið fyrir miklu





Mynd 4. Stoðarholur í búð, innbrún á grjótvegg C9 sést við stikuna sem er 1 m á lengd. Tekið úr norðri.

hnjaski. Þessi veggur hefur verið 1,9 m breiður með stórum steinum í köntum en minna steinahröngli í fyllingu sem hefur verið 0,8- 1 m breið. Veggurinn C9 hefur verið reistur á miðöldum því að C10 leggst upp að honum að norðan og Kötlujóska frá um 1500 er yfir C6 sem er aftur yfir C10. Miðað við hæð miðaldalagsins frá 1226 yfir klöpp þá er C9 hinsvegar yngri en það, en sambandið á milli er þó ekki skýrt. Niðurgröfturinn C8 er yngri en Kötlujóska frá 1721 og svo virðist sem hann hafi verið grafinn til að taka grjót úr veggnum C9 löngu eftir að byggingin sem hann á við lagðist af. Ekkert eiginlegt gólfslag var í sambandi við grjótvegginn C9 en norðan við hann var sérstakt lag, C6. Það er undir K-1500 en sem vestan við C8 telst vera í C2, því C5 er ekki greinanlegt þar. C6 er grábrúnt líkt og C5 en með mun minna af torfi og í því var talsvert af morknum beinum. Það virðist hafa hlaðist upp innan í tóft en er eins og C5 að mestu fokmold. Undir C6 var yfirborð C10 nokkuð slétt – mest um

6 sm hæðarmunur á þeim tæpu 4 m<sup>2</sup> sem voru í skurðinum norðan við C9. Á C10 voru nokkrir litlir steinar sem lágu flestir í óreglulegri röð frá austri til vesturs um 50 sm frá innbrún veggjar og í sömu röð voru þrjár stoðarholur. Holur þessar, C14, C16 og C18 voru einu afgerandi vísbendingarnar um að C9 væri veggur í húsi eða búð. Holurnar voru líkar að stærð: 28x22 sm (C14), 18x18 sm (C16) og 20x20 sm (C18) og dýpt: 10 sm (C14), 16 sm (C16) og 14 sm (C18). Tæpir 80 sm eru á milli C18 og C16, en C16 og C14 renna hinsvegar saman, svo nálægt eru þær hvor annari og gæti þar verið um að ræða far eftir stoð sem sett hefur verið á ný. Fyllingin í holunum var mýkri, dekkri og sendnari en C10 og en ekki eins gráleit og C6. Fyllingin í holunum þremur (C13, C15 og C17) var eins að öðru leyti en því að í C13 (fyllingin í C14) voru smábrot af hraungrýti sem virtist vera eldsprungið.

Eins og í suðurhluta skurðarins var C10 elsta lagið og var það lítillega hreyft alveg niður á klöppina (C20) en heldur dýpra var niður á hana nyrst í skurðinum en sunnantil.

#### 4. Gripir

137 gripir komu í ljós við rannsóknina og voru þeir skráðir á 55 númer. Langflestir komu í ljós syðst í skurðinum, undir kirkjuveggnum og var mest um járnnapla af ýmsum gerðum og í ýmiskonar ástandi. Langyngstu gripirnir voru í fyllingu C11 í skurði C12, sem grafinn hefur meðfram kirkjuundirstöðunum á 20. öld. Þar á meðal voru vélsmiðaðir naglar, rúðubrot, bakalítstykki og bútur af kíttri sem verið hefur meðfram rúðu í kirkjunni. Í fyllingunni voru þó einnig gripir sem sýnilega eru mun eldri, sumir naglanna eru handsmiðaðir og bronsnaglinn 99-024 og glerbrotin 99-025 geta tæplega verið frá 20. öld. Þessum eldri gripum hefur verið rótað upp við uppgröftinn og þeir síðan lent niðri í fyllingunni aftur. Almennt verður lítið sagt um gripina sem upp komu næst kirkjunni í C2, C3 og C7 – þeir eru flestir af gerðum sem geta komið fyrir á hvaða öld Íslandssögunnar sem er. Innanum eru þó nokkur glerbrot sem geta verið gömul – frá 17.-19. aldar (t.d. 99-006, 019, 020) og leirkersbrot sem eru mun eldri.

5 leirkersbrot fundust við uppgröftinn og eru fjögur þeirra úr sama ílátinu. Natascha Mehler hefur greint brotin og telur hún að þau fjögur sem koma úr sama ílátinu (99-005, 047, 051, 052) séu frá 12. öld eða eldri og eru þau því meðal elstu

slíkra brota sem fundist hafa á Íslandi. Fimmta brotið (99-016) er einnig með elstu leirkersbrotum á Ísland, frá 13. öld samvæmt greiningu Mehlers. Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart því engir aðrir gripir sem klárlega geta talist frá miðöldum fundust við uppgröftinn næst kirkjunni og kirkjugrunnurinn **C7** er frá því eftir 1500. Eitt af brotunum (99-047) fannst í grunninum **C7** en öll hin voru í **C2**, sem er lag sem myndast hefur á 17. öld og síðar. Brotin sem koma úr sama ílátinu voru ekki öll á sama stað, eitt (99-005) var í miðjum skurði í **C2**, milli 5 og 6 m norðan við kirkjuna, tvö þeirra (99-051 og 052) voru í **C2** rétt norðan við norðurbrún kirkjugrunnsins, rétt hjá brotinu 99-016, en 99-047 var eins og áður sagði inn á milli steina í grunninum **C7**.

Þessi dreifing brotanna bendir til að þau hafi lent þar sem þau fundust löngu eftir að gripirnir brotnuðu og brotunum var hent. Gripirnir geta hafa brotnað á hámiðöldum, lent í öskuhaugi, húsvegg eða grafist á víðavangi og síðan rótast til við byggingu kirkjunnar laust eftir 1500 og lent í undirstöðum hennar og síðar jafnvel færst til aftur við rask í kringum kirkjuna. Annar möguleiki er að brotin séu úr kirkjugripum sem hafi fylgt Þingvallakirkju öldum saman og ekki brotnað fyrr en eftir að hún var flutt upp á hólinn norðan við bæinn. Á móti því mælir að í kirkjugripaskrám Þingvallakirkju frá 1397 og 1570 eru engir gripir taldir sem líklegt má telja að verið hafi úr leir.

Norðan við kirkjugrunninn **C7** var miklu minna um gripi. Í yngsta laginu þar, **C4**, var aðeins einn hlutur, bronsþynna 99-002, sem vel getur verið eldri en niðurgröfturinn **C8**. Í **C2** norðan við kirkjugrunninn voru nokkrir járnútar og –naglar (99-007, 026, 027), eitt glerbrot eldra en 1721 (99-006), áður nefnt leirkersbrot 99-005, og flintusteinn (99-004). Í **C5**, safnlagi undir **C2**, sem hlaðist hefur upp á seinni hluta miðalda voru nokkrir járnútar og –naglar (99-010, 011, 012), lítil bronskúla (99-009) og allgóður bronshnappur (99-013) sem líklega hefur verið skraut á reiðtygi.

Í **C6**, safnlagi innan úr búðinni nyrst í skurðinum, voru járnútar og –naglar (99-027, 030) og allnokkrar hrossatennur í molum (99-028, 029). Í **C10** innan úr búðinni komu aðeins hrossatennur (99-043) og voru þær efst í laginu, sem hefur verið yfirborð búðarinnar.

Neðst í **C10**, skammt sunnan við búðina, fannst síðan heillegur silfurpeningur (99-050). Anton Holt hefur greint peninginn og kom í ljós að um er “að ræða norskan pening af svokallaðri nafnlausri gerð (norska: anonym typ) frá tímabilinu um



Mynd 5. Norskur silfurpeningur frá 11. öld fundinn á Þingvöllum. Mynd: Þjóðminjasafn Íslands.

1065-80. Hann er af gerð sem slegin var á Norðurlöndum á þessum árum, þ.e.a.s. eftirlíking penings frá Aðalráði II eða Knúti ríka sem slegnir voru á Englandi á tímabilinu um þúsund (997-1003).<sup>23</sup> Nákvæmlega eins peningur, þ.e. peningur sem sleginn var með sama móti, hefur ekki fundist áður, eftir því sem næst verður komist. Peningar af sömu gerð hafa heldur ekki fundist fyrr á Íslandi og aðeins einn norskur peningur frá 11. öld hefur fundist áður, á Bessastöðum 1996. Ekkert bendir til annars en að peningnum hafi verið glutrað niður á víðvangi í kringum 1100.

## 5. Niðurstöður - samantekt

Niðurstöður fornleifarannsóknar við Þingvallakirkju eru allskýrar og talsvert meiri en búist var við.

Kirkjugrunnur hefur verið reistur uppi á hólnum þar sem kirkjan stendur nú laust eftir 1500. Grafið hefur verið niður á fast og a.m.k. einfalt lag af hraungrýti lagt á klöppina. Þó það sé ekki ótvírætt virðist sem þessi fyrsta kirkja á þessum stað hafi verið úr tré eingöngu, og hefur hún þá annaðhvort verið heldur stærri en núverandi kirkja eða staðið sjónarmun norðar. Fullvíst má telja að þessi grunnur sé af kirkjunni sem Páll Vídalín segir að Alexíus Pálsson hafi byggt í byrjun 16. aldar. Sú kirkja

<sup>23</sup> Anton Holt 2000.

hefur staðið í rúma öld eftir því sem næst verður komist en ný kirkja var byggð á Þingvöllum um 1640. Hún var 5 stafgólf að lengd en hálfu stafgólfi var seinna bætt við hana. Um 1740 var enn byggð ný kirkja og var sú í 6 stafgólfum en í stað hennar var byggð kirkja sumarið 1790 sem var 7,5x3,1 m að stærð. Grjótveggir voru utanmeð norður og suðurveggjum kirknanna sem byggðar voru 1740 og 1790, og sennilega einnig þeirrar sem reist var um 1640. Austurvegg úr grjóti var ekki bætt við fyrr en 1822. Þegar núverandi kirkja var byggð 1859, var hún höfð jafnlöng forvera sínum en mun breiðari eða 5 m.

Grjótveggirnir utanmeð kirkjunum frá 1640, 1740 og 1790 hafa verið reistir ofan á undirstöðunum frá byrjun 16. aldar en mjög lítið er nú eftir af þeim, og hefur mestallt grjótið sennilega verið fjarlæggt við byggingu núverandi kirkju 1859. Sáralítið torf hefur verið í þessum veggjum, sennilega aðeins nokkur lög af streng á milli steinaraðanna.

Engar vísbendingar fundust um eldri kirkjubyggingar á hólnum og verður því að vísa á bug hugmynd Matthíasar Þórðarsonar um að þar hafi staðið “þingmannakirkja” á 11. öld. Eina sem mögulega gæti bent til eldri mannvirkja á þessum stað eru leirkersbrotin frá 12. og 13. öld, en þau gætu einsvel hafa orpist jörðu á víðavangi. Þau eru auk þess ekki vísbending um kirkju heldur minna þau frekar á nálægð bæjarhólsins skammt sunnan við núverandi kirkjustæði.

Gerðar voru tilraunir með viðnámsmælingar í kirkjugarðinum vestan við Þingvallabæ í von um að finna merki um eldri kirkjubyggingar þar. Engin skýr merki fundust en í suðausturhorni garðsins var hátt viðnám á reglulegu svæði, um 7x3 m, sem snýr austur-vestur. Þetta er enganveginn óbyggjandi vísbending um staðsetningu eldri Þingvallakirkna og er alls ekki útilokað að hátt viðnám á þessum stað bendi til ójafna í hraunklökkinni undir eða til bygginga frá bænum.

Leifar af þingbúð fundust um 6 m norðan við núverandi kirkju. Það hefur verið allstór bygging, með miklum veggjum úr grjóti með moldarfyllingu. Í henni var ekkert gólflag en stoðarholur sýna að um byggingu er að ræða. Að svo stöddu verður lítið sagt um stærð þessarar búðar, en hún hefur verið meira en 2 m breið, sennilega um 3 m, að innanmáli og gæti hafa verið allt upp í 10 m löng ef marka má af þúfum á yfirborði. Búðin var löngu aflögð þegar kirkjan var byggð laust eftir 1500, en hefur verið byggð eftir 1100 því hún er yngri en lagið sem peningurinn frá 1065-80 fannst í. Miðað við afstöðu við miðaldalagið frá 1226 virðist búðin vera yngri en það, en ekki var hægt að sýna fram á samband milli gjóskunnar og búðarleifanna.

Einna mesta athygli vakti við uppgröftinn að allur jarðvegur í skurðinum, alveg niður á klöpp var hreyfður af mannavöldum. Stór hluti af uppsöfnun jarðvegs á þessum stað er að sönnu af völdum áfoks, en ljóst er að jarðvegurinn ofan á klöppinni hefur verið færður þangað af mönnum. Þegar menn komu að Þingvöllum á 9. eða 10. öld hefur svæðið sem nú er Þingvallatún því aðeins verið lítt gróið hraun eins og enn er allsstaðar í kringum túnið, berar klappir með gróðri í sprungum og skorningum þar sem jarðvegur hafði náð að myndast. Þeir sem fyrstir reistu sér bú á Þingvöllum hafa því orðið að búa sér til tún, með því að færa jarðveg á klappirnar í kringum bæinn og rækta á honum gras.

Þessi niðurstaða varpar nýju ljósi á forsögu Þingvalla. Eins og örnefnið sjálft bendir hún til að þinghald á völlum sé eldra en búskapur þar. Býlið hefur ekki verið stofnað fyrr en eftir að þinghald var orðið fast í sessi og orðið nógu mikilvægt til að það hafi svarað fyrirhöfn að reisa bú á svo rýru landi sem Þingvallahraun er. Fyrsti bóndinn hefur því fyrst og fremst verið að sækjast eftir pólitískum áhrifum með því að reisa bústað á Þingvöllum, og má vel vera að sú bústofnun hafi verið að undirlagi höfðingja annarsstaðar sem vildu auka ítök sín á þinginu. Ljóst er að þessi túngerð hefur verið hafinn þegar einhver óheppinn þingmaður týndi smápeningi á hólnum um 1100, en hversu löngu á undan er ekki hægt að segja að svo stöddu.

Skýr ummerki um gjóskulög úr Kötlugosum frá um 1500 og 1721 sáust í uppgræftinum og einnig slitrus úr svokölluðu miðaldalagi frá 1226. Landnámslag frá 871±2, Kötulag frá um 920 og Eldgjárgjóska frá 934 sáust ekki enda hefur jarðvegur ekki verið kominn á klappirnar svo snemma. Þessi gjóskulög öll gefa góða von um að rannsóknir á Þingvöllum í framtíðinni getir orðið árangursríkar.

Varðveisla lífrænna leifa var afar léleg á uppgræftarsvæðinu, sáralítið var um viðarleifar nema í grasrót og **C11** sem er frá 20. öld og beinleifar voru allar mjög morknar, aðeins hrossatennur náðust upp og voru þær þó í molum. Léleg varðveisla lífrænna leifa rýrir heldur gildi frekari rannsókna á Þingvöllum, en þó má minna á að varðveisluskilyrði í jarðvegi geta verið önnur á bökkum Öxarár en uppi á hraunhólunum og má vel vera að betri varðveisla sé þar sem jarðvegur er blautari.

Uppgröfturinn 1999 sýndi að ekki er eftir miklu að slægjast með frekari uppgræfti við kirkjuna. Hægt væri að grafa fram grjóttundirstöðuna til að sjá hvernig hún stendur af sér miðaðvið núverandi kirkju og gæti það varpað ljósi á stærð kirkju Alexíusar Pálssonar frá byrjun 16. aldar og mögulega á stærð og afstöðu yngri kirkna.

Eins væri hægt að grafa fram búðina sem sást í skurðendanum en upp úr því krafsi hefðist ekki mikið annað en upplýsingar um stærð hennar.

Silfurpeningurinn og leirkersbrotin eru sjaldgæfir fundir og sýna þeir glöggst hver sérstakur staður Þingvellir er. Þó þar hafi nálega engar skipulegar fornleifarannsóknir farið fram fyrr en 1999 þá hafa fundist þar margir merkir gripir, m.a. Tá-bagall í Úrnes stíl frá 11. öld og enskur silfurpeningur frá 1016-35.<sup>24</sup> Ljóst er að verði af frekari rannsóknum á Þingvöllum munu margir merkir gripir koma í ljós.

Rannsóknin 1999 var árangursrík að því leyti að hægt var að svara aðalspurningum sem lagt var upp með: Kirkja hefur ekki staðið á hólnum norðan við bæinn fyrr en laust eftir 1500. Rannsókn á eldri kirkjum verður því aðeins gerð með því að grafa í kirkjugarðinum – en til þess kemur varla af augljósum ástæðum. Þó væri vert að beina því til sóknarprests að leifa fornleifafræðingi að fylgjast með þegar grafir eru teknar í garðinum.

Á meðan að kirkjugarðurinn á Þingvöllum er vígður – og 70 ár þar eftir - er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að fornleifarannsóknir geti varpað frekari ljósi á sögu Þingvallakirkju.

Önnur verkefni eru hinsvegar brýn og má þar einkum nefna nauðsyn þess að

- gera nákvæmar yfirborðsmælingar á Þinginu til að afmarka minjasvæðið
- gera fornleifaskráningu fyrir jörðina Þingvelli og þjóðgarðinn
- rannsaka búðir og aðrar minjar sem liggja undir spjöllum af Öxará og Þingvallavatni
- rannsaka hvort minjar leinast undir sverði á Völlum efri og neðri

---

<sup>24</sup> Kristján Eldjárn 1971; Matthías Þórðarson 1945, 113-14, 173.

**Magnús Á Sigurgeirsson:**

## Greinargerð um gjóskulög

Greinargerðin byggir á athugunum á tímabilinu 22. – 25. Júní 1999. Gjóskulög voru skoðuð í bökkum skurðar, tíu metra löngum og tveggja metra breiðum, sem grafinn var til norðurs út frá norðurvegg Þingvallakirkju. Gjóskulög hafa áður verið skoðuð í nágrenni Þingvallavatns (Hafliðason o.fl. 1992, Magnús Á. Sigurgeirsson 1992, Sæmundsson 1992) og í borkjörnum úr botni vatnsins (Hafliðason o.fl. 1992). Helstu gjóskulög sem greinst hafa á Þingvallasvæðinu, frá því eftir landnám, eru:

1. Landnámslag (LNL): Lag þetta er tvíliitt á Suðvesturlandi og tiltölulega auðrekjanlegt í jarðvegssniðum. Það er talið hafa myndast árið  $871 \pm 2$  ár e.Kr (Grönvold o.fl. 1995).
2. Katla~920. Aldur lagsins er reiknaður út m.t.t. þykknunarhraða sets á botni Þingvallavatns.
3. Eldgjá-934.
4. Miðaldalag. Miðaldalagið hefur verið rakið frá upptökum og er þykkt þess í Þingvallasveit um 0,2 cm (Magnús Á. Sigurgeirsson 1995). Gjóskulagið myndaðist í neðansjávargosi, sennilega árið 1226, undan Reykjanesi.
5. Katla~1500. Eitt helsta leiðarlag í Þingvallasveit og nágrenni.
